



Skýrsla sjálfsmatsnefndar Flensborgarskólans í Hafnarfirði

2023-2024

Erla Sigríður Ragnarsdóttir

Inngangur	3
Greinargerð um umbótaáætlun síðasta árs, 2023-2024.....	5
Rýni á stefnu skólans.....	7
Kennslumat	9
Áskoranir í skólastarfi	11
Hlýtt á nemendur - viðhorf til skólastarfsins.....	11
Könnun meðal útskriftarnemenda	11
Könnun meðal nýnema í lok skólaárs.....	14
Viðhorfskönnun um bekkjarkerfi.....	16
Þjónustukönnun bókasafns	18
Hlýtt á grunnskólanemendur - viðhorf til skólans kannað.....	19
Námsárangur - almennt	21
Mætingar	23
Skýrslur deilda.....	24
Kennsluvið	24
Þjónustusvið.....	25
Stoðþjónusta.....	25
Náms- og starfsráðgjafar	25
Nemenda- og kennsluráðgjafi	26
Starfsbraut	26
Starfsmannasamtöl	26
Heilsueflandi framhaldsskóli	27
Hlýtt á starfsfólk skóla.....	28
Ferðavenjukönnun	28
Þjónustukönnun mötuneytis	29
Námskrárvinna	30
Ytra mat	31
Stofnun ársins	31
Jafnlaunavottun.....	31
Græn skref	32
Niðurstöður	32
Viðauki - matstafla	1

Inngangur

Tilgangur sjálfsmats í framhaldsskólum er skýr samkvæmt lögum um framhaldsskóla 92/2008 en þar segir að almennur tilgangur sjálfsmats sé að leggja grunn að sívirku umbótastarfi til að bæta námsumhverfi, líðan og árangur nemenda og starfsmanna. Innleiða á aðferðir sjálfsmats sem nái til allra þátta skólastarfsins og hefur Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, eins og sjá má á *sjálfsmatsáætlun skólans*, sjá í viðauka aftast í skýrslu, leitast við að fara markvisst eftir þessum tilmælum.

Í Flensborgarskólanum skólaárið 2023-2024 voru nemendur skólans 657 talsins, þar af voru 193 nýnemar innritaðir við skólann haustið 2023. 29 nemendur voru á starfsbraut og 52 nemendur í bæjarbrú, en það eru grunnskólanemendur sem taka byrjunaráfanga í ensku og stærðfræði. Starfsfólk skólans á skólaárinu var alls 91, þar af 12 stundakennarar á íþróttaafrekssviði. Alls útskrifuðust 135 nemendur frá skólanum, 90 að vori, 45 að hausti og skiptust þeir þannig niður á brautir skólans; 11 af félagsvísindabraut, 81 af opinni braut, 34 af raunvísindabraut, 14 af viðskipta- og hagfræðibraut og 5 af starfsbraut.

Rík áhersla hefur verið lögð á innra mat skólans á undanförunum árum. Þannig hefur verið hægt að vinna markvisst að því að bæta starf skólans með hagsmuni nemenda og starfsfólks að leiðarljósi, auk þess að meta stöðu hans með tilliti til þess hvað er vel gert í skólastarfinu. Gengið er út frá eftirtöldum spurningum: Hversu vel stöndum við okkur? Hvernig vitum við það? Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta? Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri? Og með því að framfylgja umbótaáætlun í framhaldinu er það von stjórnenda að framfaraskref verði tekin hraðar en ella.

Eftir hvert sjálfsmatsár má greina bæði áskoranir og tækifæri í skólastarfinu. Líkt og áður eru það einna helst þættir sem falla undir markmið eitt sem þarfnast úrbóta en þeir snúa að nemendum sjálfum og skuldbindingu þeirra til náms. Niðurstöður sýna að virkja þarf nemendur enn frekar til náms og efla námsmenningu innan skólans. Það hefur einnig með markmið tvö að gera sem snýr að fjölbreyttum kennsluháttum en ljóst er að með aukinni fjölbreytni í kennslu, áfangaframboði og verkefnavinnu og með enn frekari tæknivæðingu eflist áhugi nemenda á námi og þeir sjá frekar hag í því að mæta vel. Áfram þarf að hvetja til eftirfylgni á námsárangri og sérstaklega kynbundnum mun, en rannsóknir skólans hafa sýnt að námsárangur dalar á milli haust og vorannar á fyrsta ári og svo aftur á milli fyrstu tveggja skólaáranna, sérstaklega hjá drengjum. Einnig má hvetja til enn frekari vitundarvakningar, bæði meðal starfsfólks og nemenda, er varðar umhverfismál og heilsueflandi lífsstíl.

Í sjálfsmatsnefnd skólans sitja Anný Gréta Þorgeirsdóttir, jarðfræðikennari, Erla Sigríður Ragnarsdóttir, skólameistari, sem jafnframt leiðir störf nefndarinnar, Júlía Jörgensen, aðstoðarskólameistari, Ásbjörn Friðriksson, stærðfræðikennari og Unnar Örn Þorsteinsson, enskukennari og komu þau öll að gerð þessarar skýrslu.

Nefndin hóf skólaárið 2023 - 2024 á því að ganga frá matsviðmiðum og sjálfsmatsáætlun fyrir árið. Sú áætlun var kynnt fyrir starfsmönnum skólans á skólafundi að hausti. Umbótaáætlun síðasta árs var rýnd, en slík áætlun hefur verið útfærð síðan skólaárið 2017 - 2018.

Sjálfsmat er veigamikill þáttur í skólastarfinu sem gefur góðar vísbendingar um hvar úrbóta er þörf. Sumir matsþættir hafa skipað sér fastan sess og eru í stöðugu matsferli en aðrir þættir koma inn tímabundið, stundum á nokkurra ára fresti eða sem einstök úttekt.

Meðal helstu verkefna sjálfsmats Flensborgarskólans eru eftirtalin verkefni (sjá einnig Sjálfsmatsáætlun – fylgiskjal 1):

- *Kennslumat* fer fram á báðum önnum. Einungis hluti hópsins er metinn hverju sinni eða um þriðjungur kennara. Kennslumati er fylgt eftir með samantekt á kennarafundi og lögð áhersla á að sýna þá þætti sem komu best út úr matinu og verst. Einnig voru niðurstöður kennslumats bornar saman á milli anna. Kennurum var boðið upp á starfsmannasamtal í framhaldinu þar sem niðurstöður kennslumats eru hafðar til hliðsjónar.
- *Útskriftarhópar* eru spurðir um viðhorf þeirra til Flensborgarskólans og þeirrar menntunar sem þeir hafa fengið, aðstöðu til náms, félagslíf og fleira. Viðhorfskönnun er framkvæmd bæði á haust- og vorönn.
- *Nýnemar* eru spurðir um viðhorf sitt til menntunar, aðstöðu til náms, félagslífið, líðan í skólanum og skuldbindingu sína til náms. Vegna yfirstandandi skólaþróunarverkefnis um bekkjarkerfi á fyrsta ári hafa viðhorfskannanir verið lagðar fyrir oftast að undanfögnu og á því tímabili sem hér er fjallað um var könnun lögð fyrir tvisvar að hausti, einu sinni vori. Foreldrar þeirra voru einnig spurðir, að þessu sinni tvisvar yfir skólaárið.
- *Hlýtt á grunnskólanemendur*. Grunnskólahópar í heimsókn að vori, fá kynningu á skólanum og í kjölfarið er lögð fyrir þá könnun. Þar er spurt hvernig Flensborgarskólinn komi fyrir, hvort kynningin sem þau fá á skólastarfinu sé góð og hvaða braut falli helst að þeirra áhugasviði. Könnun var lögð fyrir að vori.
- *Skýrslur deilda, þjónustusviðs og nemendapjónustu*. Kallað er eftir upplýsingum um nýjungar í kennsluháttum, hvers konar námsmat hafi skilað mestum árangri og hver væru brýnustu faglegu verkefni á komandi árum. Skýrslum skilað í maí-júní 2023.

- *Hlýtt á starfsfólk* fer fram með ýmsum hætti. Að þessu sinni voru lagðar kannanir fyrir til að kanna viðhorf til jafnréttis í kennslu og ferðavenjur starfsfólks.
- *Námsskrárvinna*. Kennarar taka þátt í námsskrárvinnu á námsbrautum skólans. Unnið var námskrárbreytingum bæði á fagfundum og kennarafundum og voru tekin veigamikil skref til að styrkja brautir skólans en farið var í þá vinnu eftir hugmyndavinnu námskrárhóps frá fyrra skólaári.

Greinargerð um umbótaáætlun síðasta árs, 2023-2024

Ný sjálfsmatsnefnd kom saman í október og fór yfir umbótaáætlun síðasta skólaárs. Nefndarmenn voru sammála um að vel hefði gengið að ná fram umbótum á síðasta ári og að nánast allt hefði komist til framkvæmda sem er vel að verki staðið. Allir liðir eru ýmist komnir til framkvæmda eða vel á veg komnir, enginn liður er óhafin í vinnslu.

Allir umbótaliðir voru yfirfarnir og kom eftirfarandi fram:

Efla skuldbindingu nemenda í námi

Hvað varðar skuldbindingu nemenda gagnvart námi sínu voru nefndarmenn sammála að væri verkefni sem tæki aldrei enda. Það hefur þó gengið vel í flestum liðum sem unnið er að, brotthvarf hefur minnkað hjá nemendum og mæting hefur batnað, sér í lagi hjá nýnemum þó greina megi einhvern mun á milli árganga. Áfram þarf að halda áfram að auka við skuldbindingu nemenda og gera þeim auðveldara fyrir með því að nýta möguleika INNU til hins ítrasta, bæði hvað varðar námsgögn og aðrar upplýsingar. Búast má við sveiflum milli ára í þessum lið en þessu verkefni lýkur aldrei. Áfram verður lagt upp með bekkjarkerfi á fyrsta ári sem er mikilvægur hlekkur í því að efla farsæld nemenda, bæði hvað varðar námsmenningu og félagslegt tengslanet þeirra. Einnig verður framhaldið að bjóða nemendum stuðningsviðtöl hjá sálfræðingi utan húss, auk þess sem nemendapjónusta styður, eftir sem áður, við nemendur með fjölbreyttum hætti.

Að auka gæði náms

Þegar kemur að því að efla virkni nemenda í tímum eru nefndarmenn sammála um að þurfi að halda áfram að leita leiða til úrbóta. Í niðurstöðum kennslumats kemur í ljós að nemendur telja sig vera vanvirka í tímum og það sama má sjá í niðurstöðum Skólalaps. Þar hefur m.a. mátt sjá merki um áhugaleysi nemenda og neikvæð viðhorf gagnvart þátttöku í skólastarfinu t.d. varðandi mætingar. Í umbótaáætlun kemur fram að efla þurfi kennsluhætti sem og möguleika í verkefnaskilum þar sem nemendum bjóðist fjölbreytni í námsmati. Það er ljóst að nemendur vilja

hafa meira um námið sitt að segja og gangi hugmyndir skólans um meiri verkefnaþingun í námi eftir standa vonir til þess að framlag þeirra sjálfra verði meira og ábyrgð nemenda á eigin námi aukist. Til þess að koma til móts við slíkt þarf að halda áfram að efla og viðhalda þekkingu kennara á rafrænu kennsluumhverfi og ýta undir nýsköpun í námi og kennslu. Markmiðið er að halda í og efla þá þekkingu sem lærðist á tímum heimsfaraldurs og nýta virkni þeirra möguleika sem eru fyrir hendi í tæknimálum.

Fylgjast með námsárangri

Það er erfitt að koma fyllilega í veg fyrir kynbundinn mun á námsárangri. Námsárangur er þó enn á uppleið og áfram fylgjast kennarar með námsárangri allra nemenda. Kennarar eru þó sérstaklega hvattir til að skoða lokaniðurstöður annar með kynjagleraugum og rýna bæði námsgögn og umræðu í kennslu hvað varðar jafnréttismál. Áfram verður unnið að því að efla upplýsingagjöf og skipulag náms í gegnum INNU og þannig gefa nemendum enn betri yfirsýn yfir áfangana sína.

Endurskoðun námskrár

Það að ræða námskrá er eilífðarverkefni í skólastarfi enda samfélagsþróun oft hröð og breytingar í skólakerfi aðkallandi. Á vorönn 2023 fór af stað vinna við skoða námskrá skólans, svo sem brautir, áfangaframboð, námsmat og fleira. Þessi vinna stendur enn yfir nú þegar haustönn 2024 er hafin. Mikil vinna var lögð í að ræða og koma með hugmyndir fyrir námsskrána í tengslum við stefnumótunarferlið á árunum 2017 – 2020 og nú er komið að því að uppfæra námsskrá og aðlaga nám við skólann með því að horfa til framtíðar. Námsskrárvinnan gekk vel síðastliðið skólaár og þær breytingar sem gerðar hafa verið mælast vel fyrir hjá nemendum og starfsfólki. Markmiðið um að Flensborgarskólinn gangi í takt við stefnu sína um fjölbreytt og sveigjanlegt skólastarf þar sem komið er til móts við nemendur hefur styrkst og ímynd skólans sem metnaðarfullur framhaldsskóli sömuleiðis.

Betrumbæta aðstöðu til skólastarfs

Áfram er unnið að því að betrubæta aðstöðu til náms, bæði hvað varðar starfsfólk og nemendur. Endurnýjun á húsbúnaði heldur áfram eftir þörfum, nemendaaðstaða á svokölluðu Grænu torgi hefur verið endurbætt og nýtist því vel fyrir nemendur, bæði í hópavinnu og í frímínútum. Tölvur sem þar voru hafa verið fjarlægðar enda lítil þörf fyrir þær síðastliðið skólaár. Tölvubúnaður kennara hefur verið uppfærður eftir þörfum og gagnvirkum snertiskjám bætt við tvær kennslustofur til reynslu. Lokið hefur verið við útikennsluvæði við aðalinngang skólans en þar var byggður stór útivistarpallur og möguleikar í útikennslu efdust þar mjög sem og aðstaða til þess að setjast út í hléum stórbatnaði fyrir alla.

Styrkja enn frekar starfsanda

Góður starfsandi er allsstaðar mikilvægur og það á einnig við hér í Flensborgarskólanum. Lögð er mikil áhersla á eflingu starfsanda enda mikilvægt að auka vellíðan starfsfólks og gæði starfsumhverfisins. Áfram er lögð áhersla á umhverfisvænan lífsstíl, bæði hvað varðar ferðamáta og mótuneyti auk þess sem heilsuefling er fyrirferðamikil á marga vegu. Jafnlaunavottun var staðfest á ný og fólk er hvatt til þess að nýta sér samgöngusamning geti það nýtt sér vistvænar samgöngur. Félagslíf starfsmanna er með besta móti og starfsfólk nýtir þau tækifæri sem gefast til menningar- og skemmtiferða. Nýtt skipulag hefur verið innleitt í verkefninu um heilsueflandi framhaldsskóla og starfsfólk hefur fengið kynningu á því.

Rýni á stefnu skólans

Í maí kom sjálfsmatsnefnd saman auk nokkurra annarra úr hópi starfsfólks með það að markmiði að rýna stefnu skólans sem sett hafði verið til ársins 2024. Þó hópurinn hafi á heildina litið verið ánægður með það sem lagt var upp með í stefnunni þarf engu að síður að lesa yfir og meta hvað hefur gengið eftir og hvar þarf að vinna á. Áætlað var að þessi fundur markaði upphaf að nýju stefnumótunarferli skólans fyrir næsta skólaár.

Fyrir hópinn voru lagðar þrjár spurningar:

Hvernig birtast gildin okkar í skólastarfinu?

Hvernig sjást markmiðin okkar fjögur í stefnu skólans – er verið að vinna eftir þeim?

Eru þessir grunnþættir menntunar sbr. Aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011, að birtast í okkar starfi og / eða stefnu?

Hvað varðar gildi Flensborgarskólans (farsæld, framsækni og metnaður) var hópurinn sammála um að það gera gildin enn sýnilegri, sérstaklega í augum nemenda og foreldra. Hópurinn var einnig sammála um að gildin okkar um farsæld sæjust vel í bekkjarkerfinu, móttöku nýnema, öflugri nemendabjónustu og í verkefninu um heilsueflandi framhaldsskóla. Framsækni kemur fram í öflugri skólaþróun sem hefur komið fram í breytingum á námskrám, í skólaþróunarverkefnum kennara, í fjölbreyttum kennsluháttum og námsmati og víða annarsstaðar í skólanum þar sem reynt er að mæta nýjum áherslum sem samfélagsbreytingar kalla á. Hvað metnað varðar telja nefndarmenn að sjáist vel í því að hér séu sífelldar endurskoðanir á áföngum, reynt sé með ýmsum hætti að styðja vel við og styrkja námssamfélagið innan skólans. Nemendum er boðið upp á að bæta við sig sviði í takt við áhugasvið sitt og starfsfólki er umhugað um að halda uppi gæðum í námi og kennslu.

Samkvæmt stefnu skólans eru fjögur markmið sem unnið er eftir við skólann og nefndarmenn skoðuðu sérstaklega hvort nægilega vel væri verið að vinna eftir þeim hér við skólann. Markmiðin

eru: *menntun til farsældar, framsæknir kennsluhættir og námsskipulag, öflug stoðþjónusta og hvatning, sveigjanleg námsskrá og fjölbreytt námsframboð*. Undir liðnum *menntun til farsældar* kom fram að hér sé afar jákvæður skólabragur og starfsfólk skólans leitist við að mæta nemendum, samstarfsfólki og gestum með jákvæðu viðmóti og áhuga. Það má líka segja að komi skýrt fram í könnunum sem gerðar eru meðal nemenda enda niðurstöður úr kennslumati afar góðar undanfarin ár. Þegar kemur að *framsæknum kennsluháttum og námsskipulagi* eru örlítið skiptari skoðanir innan hópsins. Flestir telja að kennarar séu að hvetja nemendur til sjálfstæðra vinnubragða og þjálf skipulögð vinnubrögð í gegnum símat. Þó kemur fram að stundum séum við ekki að skora hátt hvað varðar að ýta undir skapandi hugsun hjá nemendum. Þeir séu oft mataðir af upplýsingum sem sé orðið algilt í skólastarfi, sér í lagi eftir styttingu náms. Lagt til að leggja meiri áherslu á skapandi verkefni, t.d. með myndbandsgerð, hlaðvarpsgerð, skapandi skrifum og frumkvöðlastarfsemi. Hópurinn er sammála um að þegar kemur að *öflugri stoðþjónustu og hvatningu* sé Flensborgarskólinn að gera afar vel við nemendur í því að hlúa að þeim. Þar var sérstaklega nefnd nemendþjónusta skólans, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðiþjónusta, móttaka á skrifstofu, stuðningsúrræði í námi og Hámarks- og umsjónarkennarar. Hvað varðar *sveigjanlega námsskrá og fjölbreytt námsframboð* telja nefndarmenn að skólinn sé að gera vel. Hér sé markmiðið að undirbúa fjölbreyttan nemendahóp undir nám á háskólastigi og margt gangi vel í því samhengi, en einhverjir annmarkar séu þó. Í því samhengi er nefnt að opin braut geti verið nokkuð stefnulaus og að henni þurfi að huga. Einnig kemur fram að fjölga mætti efri áföngum í kennslu, í raungreinum, félagsgreinum og á viðskipta- og hagfræðibraut.

Að lokum var spurt um grunnþætti menntunnar og hvort þeir væru að birtast nægilega vel í okkar starfi og stefnu. Hóparnir fóru yfir hvern grunnþátt og hér má sjá það helsta sem fram kom í hverjum þætti:

Læsi: Í öllum fögum er unnið með texta (orð, myndir, töflur) sem nemendur eiga að túlka. Markvissar mælingar á læsi felast í prófum og verkefnum. Við leit í stefnu skólans finnst orðið *læsi* ekki en gert ráð fyrir að þetta sé yfir og allt um kring enda lögð áhersla á mikilvægi sterkrar námsmenningar.

Sjálfbærni: Unnið er að sjálfbærni í hinum ýmsu þáttum skólastarfsins. Skólinn býður upp á einingar fyrir að taka þátt í umhverfisnefnd sem vinnur að því að fá Grænfánann. Skólinn er þátttakandi í grænum skrefum í ríkisrekstri og hefur verið unnið markvisst að öllum skrefum sem þar þarf að taka og viðhalda þeim. Umhverfisfræði er skylduáfangi á öllum brautum sem einnig er komið inn á í öðrum raungreinum sem og félagsgreinum. Lesefni í íslensku tekur oft á umhverfismálum.

Lýðræði og mannréttindi: Það er mikilvægt að nemendur og starfsfólk hafi víða áhrif innan skólans og að nemendum sé innrætt lýðræðisleg hugsun og vinnubrögð. Lýðræðislegar kosningar

fara fram hjá bæði nemendum og starfsfólki auk þess sem bæði skólinn og nemendafélagið bjóða upp á erindi um mannréttindamál. Nemendur hafa oft ekki mikið um það að segja hver efnistösk eða áherslur eru í áföngum en þeir hafa þó víða val t.d. um hvernig þeir skila af sér verkefnum, val um áfanga eftir 1. námsár o.fl.

Jafnrétti: Skólinn er með jafnréttisstefnu, jafnréttisnefnd og skorar hátt í þessum málum í *Stofnun ársins*. Orðið finnst í stefnu skólans. Jafnrétti í kennslu er kannað meðal kennara annað hvert ár og sjá má á niðurstöðum að kennarar gæti vel að jafnréttismálum í kennslustofunni.


Heilbrigði og velferð: Skólinn er forystuskóli í verkefninu um Heilsueflandi framhaldskóla og frumkvöðull í því að bjóða nemendum sem stunda íþróttir að samtvinnu nám á stúdentsbraut við afrekssvið. Mötuneyti býður að mestu leyti upp á hollt matarræði, Flensborgarhlaup er haldið árlega til stuðnings góðu málefni, Flensborg-FG dagurinn er haldinn hátíðlegur meðal nemenda og þar er keppt í hinum ýmsu íþróttum sem íþróttanefndir skólanna tveggja stýra. Að auki er starfsfólki boðið upp á samgöngustyrk og heilsueflingarstyrk en einnig á skólinn rafmagnshjól sem starfsfólk getur fengið lánað að vild.

Sköpun: Þó við reynum eftir fremsta megni að hvetja nemendur til sköpunar virðast þau samt sækja í þetta hefðbundna. Mörg verkefni bjóða þó upp á skapandi útkomu og þar viljum við halda í fjölbreytileikann og valfrelsi nemenda. Minnst er á og lögð áhersla á skapandi skólastarf í stefnu skólans.

Sjálfsmatsnefnd skólans er sammála um að gott hafi verið að rýna stefnu skólans með þeim hætti sem hér var gert enda þurfi af og til að spegla skólastarfið og sjá hvar megi gera betur. Þar sem rýni á námsbrautir skólans hefur nýlega farið fram, og stendur í raun enn yfir, er nauðsynlegt að skoða stefnu skólans í heild sinni og aðlaga að þörfum skólasamfélagsins.

Kennslumat

Kennslumat er lagt fyrir í lok hverrar annar og nemendur um þriðjungs kennarahópsins eru spurðir hverju sinni. Þar er viðhorf nemenda til kennslu og náms metið og reynt að festa fingur á framlag nemenda til námsins og skuldbindingu þeirra til þess. Kannanirnar eru lagðar fyrir á Innu í síðustu kennsluviku annarinnar. Niðurstöður matsins eru birtar á Innu svo þeir kennarar sem eru metnir hverju sinni, geti rýnt í samantekt úr svörum sinna nemenda. Í kjölfar kennslumats eru kennarar boðaðir í starfsmannasamtöl þar sem farið er yfir niðurstöður og leiðir til úrbóta eru ræddar ef þörf krefur.



Mynd: Heildarútkoma kennslumats, tekið er meðaltal af hausti og vori.

Niðurstöður kennslumats fyrir skólaárið eru góðar og þegar markmið bæði haust og vorannar eru tekin saman mælast þau öll á styrkleikabili (**4,30**) sem er yfir 4,20 í heildareinkunn. Áfram er því skólinn að ná markmiðum sínum í skólastarfinu, við getum sagt að nemendum líði á heildina lítið vel, þeir séu ánægðir með samstarf og samskipti við kennara og almennt eru það jákvæð viðhorf sem einkenna skólastarfið.

Af markmiðunum þremur er það, líkt og undanfarin ár, *þriðja markmiðið* sem er að mælast sterkast og snýr að jákvæðu viðhorfi í skólastarfinu, eða **4,35**.

Nemendur gefa til kynna að þeir upplifi að markmið áfanganna séu skýr, þeir séu í góðu samstarfi við kennarana sína, eru ánægðir með viðmót þeirra og telja sig fá hvatningu frá þeim til sjálfstæðra vinnubragða.

Markmið tvö um fjölbreytta kennsluhætti kemur einnig vel út og mælist **4,28**. Nemendur eru ánægðir með framsetningu efnis áfangans í INNU, telja verkefni áhugaverð og í samræmi við markmið áfangans og ánægðir með vinnubrögð kennara í kennslustofunni.

Markmið eitt sem snýr að framlagi nemenda mælist **4,28** en þessi spurningaflokkur kemur iðulega síst út. Nemendur eru heiðarlegir og svörin eru með þeim hætti að nemendur átti sig á því þeir gætu lagt sig betur fram í náminu og jafnvel undirbúið sig betur fyrir kennslustundir. Nemendur telja sig mæta ágætlega í tíma og segjast vinna verkefni samviskusamlega sem er mikilvægt þegar stærsti hluti áfanga eru símatsáfangar án lokaprófs eins og raunin er í meirihluta áfanga innan skólans.

Þetta skólaárið var tveimur samanburðarspurningum bætt við þar sem nemendur voru beðnir um að meta vinnuálag og þyngd áfanga og bera saman við aðra áfanga sem þeir taka á sama þrepi innan skólans. Miðað við niðurstöður spurninganna tveggja má ætla að flestir nemendur upplifi jafnvægi í álagi áfanga og ætla má því að kennurum hafi tekist að stilla álag og þyngd áfanga nokkuð vel. Kennarar skoða sína áfanga enn frekar í starfsmannasamtali þar sem niðurstöður eru rýndar frekar.


Áskoranir í skólastarfi

Þegar niðurstöður kennslumats eru rýndar má sjá að nemendur meta það sem svo að skólastarfið sé almennt gott og allir fletir á því séu í jákvæðum farvegi. Þeir líta í eigin barm og sjá eitt og annað sem þeir sjálfir þurfa að huga að líkt og varðandi skuldbindingu til námsins. Segja má að þarna sé samhljómur með upplifunum kennara sem telja nemendur oft mega leggja sig meira fram við námið og skapa í heild sinni betri námsmenningu við skólann. Almennt virðast margir nemendur hafa tileinkað sér skipulag fjarnáms að einhverju leyti sem hafi áhrif á nám þeirra við skólann. Eftir sem áður eru nýnemar talsvert virkar innan skólans, hvort sem er í kennslustundum eða í félagslífinu. Þar má reikna með að bekkjarkerfi á 1. ári hafi jákvæð áhrif og hjálpi mikið til við að styrkja félagsleg tengsl á milli nemenda sem vonandi skilar árangri til lengri tíma.

Hlýtt á nemendur - viðhorf til skólastarfsins


Könnun meðal útskriftarnemenda

Könnunin sem lögð var fyrir útskriftarnemendur var svipuð þeirri sem lögð var fyrir skólaárið 2022-2034. Spurt var um *menntun, aðstöðu til náms, félagslíf og skólabrag og líðan þeirra í skólanum*. Svarhlutfall var 32% sem er álíka og síðustu ár.




Mynd: Útkoma spurninga um menntun á fimm stiga mælikvarða.

Á starfhæfu bili eru allir liðir um menntun nema einn sem mælist á styrkleikabili. *Gæði þeirrar menntunar sem nemendur fá, reynsla nemenda af námsráðgjöf, námsframboð, áhugi nemenda fyrir námi og áhugi kennara á námi nemenda* eru á starfhæfu bili en *kostnaður við námið* er á styrkleikabili.




Mynd: Útkoma spurninga um aðstöðu á fimm stiga mælikvarða.

Hvað aðstöðu varðar eru *móttaka á skrifstofu, ástand byggingar, aðstaða til náms, mötuneyti, öryggi innan veggja skólans og ípróttaaðstaða* á starfhæfu bili. En á aðgerðabili eru *netþjónusta, tölvutorg, bókasafn og aðgengi fyrir fatlaða*.



Mynd: Útkoma spurninga um félagslíf á fimm stiga mælikvarða.

Allar breytur félagslífs nemenda eru á aðgerðabili líkt og síðustu ár.




Mynd: Útkoma spurninga um skólabrag og líðan í skólanum.

Nánari skoðun á skólabrag og líðan útskriftarnemenda leiddi í ljós að rúm 79% sögðust í heild vera mjög ánægð með veru sína í skólanum. Tæplega 59% sögðu samstöðu nemenda sterka. Orðspor skólans sögðu 48% útskriftarnema vera gott og rúmlega 72% þeirra sögðu að þeim liði alla jafna vel í skólanum.


Könnun meðal nýnema í lok skólaárs

Könnunin sem lögð var fyrir nýnema skólaárið 2023-2024 er eins og sú sem lögð var fyrir skólaárin 2021-2022 og 2022-2023. Samtals svöruðu 14% nemenda könnuninni sem er slakari þátttaka en ári áður þegar 25% nemenda tóku þátt og árið þar á undan svöruðu 28% könnuninni. Líkt og áður voru nýnemar spurðir um *menntun, aðstöðu til náms, félagslíf, og skólabrag og líðan í skólanum*.




Mynd: Útkoma spurninga um menntun á fimm stiga mælikvarða.

Hvað menntun varðar, þá var *reynsla nemenda af námsráðgjöf* á styrkleikabili. Upplifun eða reynslu nýnema af *gæðum menntunar, andanum í bekknum, námsframboði, kostnaði við námið, því að tilheyra bekk og af kennslunni* er á starfhæfu bili. *Áhugi nýnema fyrir eigin námi og áhugi kennara á námi nemenda* mælist á aðgerðabili, en báðir þessir þættir mældust á starfhæfu bili í seinustu könnun.




Mynd: Útkoma spurninga um aðstöðu á fimm stiga mælikvarða.

Þegar viðhorf til aðstöðu nemenda er skoðað, voru *kennslustofur*, *bókasafn* og *mötuneyti* á styrkleika bili. *Aðstaða til náms*, *aðgengi fyrir fatlaða*, *bílastæði* og *öryggi innan veggja skólans* á starfhæfu bili, en *móttaka á skrifstofu* og *netþjónusta* á aðgerðabili. Móttaka á skrifstofu og netþjónusta lækka af starfhæfu bili niður á aðgerðarbil milli ára en aðgengi fyrir fatlaða fer aftur á móti af aðgerðabili yfir á starfhæft bil.



Mynd: Útkoma spurninga um félagslíf á fimm stiga mælikvarða

Þegar félagslíf nemenda er skoðað kemur í ljós að *stjórnun NFF* og *samstaða nemenda* er á starfhæfu bili. *Viðburðir á vegum NFF* og *leiklist* eru á aðgerðarbili. Allir þessir þættir voru á aðgerðarbili seinustu tvær kannanir og því er þetta umtalsverð bæting.




Mynd: Útkoma spurninga um skólabrag og líðan í skólanum.

Þegar skólabragur og líðan voru skoðuð kom í ljós að 71% nýnema sögðust í heild vera mjög ánægðir með veru sína í skólanum. 21% nýnema segja samstöðu nemenda vera sterka. 29% nýnema segja orðspor skólans vera gott. 50% nýnema sögðust líða alla jafna vel í skólanum. Að lokum sögðust 50% nýnema vera sterkari félagslega en þegar þeir hófu nám við skólann.

Viðhorfskönnun um bekkjarkerfi

Að venju var í nóvember lögð viðhorfskönnun fyrir nýnema við Flensborgarskólann sem síðan var endurtekin í apríl. Markmiðið var að kanna upplifun nýnema af því að tilheyra bekk, kanna hvernig þeim líði almennt í skólanum, hvort þau teldu sig ganga vel um skólann og hvort foreldrar væru að fylgjast með námi þeirra hér.

Þátttaka í könnunum var ágæt, 55% að hausti og 60% að vori. Niðurstöður hennar gefa vísbendingar um að nemendum líði vel og séu ánægðir með veru sína í bekk en niðurstöður styrkjast örlítið á milli kannanna.




Mynd: um 65% nýnema eru ánægðir í skólanum en 20% hlutleysi veur athygli

Helstu niðurstöður:

Um 82% nemenda segjast vera ánægð í skólanum (14% svara hvorki né og 4% ósammála) og um 70% nemenda telja andann vera góðan í bekknum (20% svara hvorki né).

76% nemenda segja samskipti sín við bekkjarfélaga vera góð en rúm 32% telja bekkjarfélaga standa utan hópsins sem er áhyggjuefni eins og áður, en verður unnið áfram með í Hámarki þar sem áhersla er lögð á að styrkja félagsleg tengsl nemenda og félagsfærni almennt. Nýnemar telja sig almennt ganga vel um kennslustofur og skólann en 89% nemenda svöruðu þeirri spurningu jákvætt. Þau telja sig einnig fylgjast vel með skólanum á INNU og á samfélagsmiðlum skólans. 77% nemenda telja foreldra sína fylgjast vel með námi þeirra í gegnum INNU og um 59% nemenda eru ánægðir með þá eftirfylgni foreldra sinna en þarna veur 29% svörun á hvorki né svarmöguleikann athygli.




Mynd: Flestir nemendur telja góðan anda ríkja í bekknum, eða 73%. Um 20% eru hlutlausir sem veur athygli.

Heildarniðurstaða könnunarinnar er 3,99 og skorar því mjög hátt á starfhæfu bili.


Þjónustukönnun bókasafns

Vorið 2024 var lagt fyrir verkefni fyrir nemendur varðandi bókasafn skólans. Tilgangur var að kanna nýtingu safnsins og bókakost þess og þá með það að leiðarljósi að bæta þjónustu safnsins. Þátttaka nemenda var ekki mikil, eða um 10%. Marktækni könnunarinnar er því afar lítið en vera má að hægt sé að nota svörunina til vísbendingar um starfsemina og nýtingu safnsins. Lítil hluti hópsins notar bókasafnið oft í viku og/eða mánuði en flestir svarenda virðast koma þangað þegar þörf er á. Þá virðist notkun þess fyrst og fremst tengjast heimalærdómi og afþreyingu, sjá töflu hér fyrir neðan.




Mynd: Flestir nemendur nota bókasafnið til slökunar eða heimavinnu eða til þess að spjalla við vini

Spurt var um samanburð á lesaðstöðu annarra bókasafa og virtust flestir svarenda vera á því að lesaðstaða skólans væri svipuð og í öðrum skólum. 20% svarenda taldi hann lakari en í öðrum skólum.



Mynd: Flestir svarendur telja lesaðstöðu bókasafns svipaða og annarsstaðar

Þá voru nemendur spurðir hvað mætti bæti við þjónustu safnsins og var þar helst nefndur húsbúnaður safnsins, þ.e. óskað var eftir fleiri sófum/hægindastólum. Þá var einnig óskað eftir því að hægt væri að ganga að tölvuþjónustu, þ.e. láni á tölvum, heyrnartólum og fleiru á safninu. Þá var spurt um þjónustuna almennt, opnunartíma og vinnufrið.




Mynd: Nemendur gáfu eftirtöldum atriðum einkunn

Hlýtt á grunnskólanemendur - viðhorf til skólans kannað


Vorið 2024 fékk Flensborgarskólinn í Hafnarfirði heimsókn frá tíu grunnskólum bæjarins, auk nemenda úr Garðaskóla í Garðabæ. Samtals voru um það bil 207 nemendur sem tóku þátt í

verkefninu *Hvað finnst þér, eða um 50% nemenda*. Af þeim nemendum sem tóku þátt ætla nærri allir í framhaldsskóla haustið 2024 eða 97,10%. Þar af voru 41% með Flensborgarskólann sem þeirra fyrsta val. Óákveðnir voru tæp 43% og ætluðu flestir þeirra fara í VÍ, TÍ og MR.



Mynd: Helmingur þeirra sem sækja kynningar á vegum grunnskóla telja Flensborgarskólann verða í 1. eða 2. vali sínu um pláss í framhaldsskóla

Flestir þeirra sem hyggjast koma í Flensborgarskólann hyggja á nám á opinni braut eða 52,30% þeirra sem svöruðu spurningunni. Rétt rúmlega helmingur hefur hug á að hefja nám við íþróttafrekssvið eða um 54%. Félagslífssvið kallar á 33% þeirra nemenda sem svöruðu þessari spurningu, 18,5% nemenda höfðu áhuga á listasviði og 15% nemenda höfðu áhuga á tæknisviði. Á félagsgreinabraut stefna tæp 16% þátttakenda, á raungreinabraut hið sama og á viðskipta- og hagfræðibraut stefna rúm 24% þátttakenda.




Mynd: 10. bekkjarar segjast helst sækjast í opna námsbraut innan skólans

Að lokum, þá segja nemendur grunnskólanna að mjög vel eða vel sé tekið á móti þeim í grunnskólakynningu í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði eða 97%, aðeins fleiri en frá fyrra ári.


Námsárangur - almennt

Námsmatið er afar mikilvægur hluti af sjálfsmati skóla og hefur Flensborgarskólinn fylgst vel með þróun þess undanfarin ár. Að þessu sinni lækkar meðaleinkunn nemenda við Flensborgarskólann, fer úr 6,9 í 6,8, sjá nánar um *þróun á námsárangri á mynd* hér fyrir neðan. Þá er meðaltal einkunna síðustu fimm ára 6,86 og er það mun hærra meðaleinkunn en árin á undan.




Mynd: Sjá meðaleinkunn allra nemenda við skólann síðastliðin ár

Skipting einkunnna eftir brautum er svipuð á milli ára. Þó vekja athygli háar einkunnir á raunvísindabraut. Hæstu einkunnirnar eru einmitt hjá nemendum raunvísindabrautar (8), og viðskipta- og hagfræðibrautar (6,8). Þá koma nemendur á félagsvísindabraut (6,6). Lægsta meðaleinkunn á braut er á opinni braut skólans (6,4). Þá eru það nemendur Bæjarbrúar, en þeir taka alls fjóra áfanga á skólaárinu, með 8,6 að meðaltali og nemendur á starfsbraut með 7,9.



Mynd: Sjá úrsagnir úr námi og hlutfall falls á önnum


Úrsagnir úr námi á þessu skólaári geta gefið okkur ýmsar vísbendingar. Úrsögnum fjölgaði örlítið á skólaárinu sem hér er fjallað um og getur það tengst auknum fjölda nemenda við skólann. Áfram má þó búast við sveiflum hvað þetta varðar, enda nemendahópurinn hverju sinni fjölbreyttur og með ólíkar þarfir. Þá hélt áfram sú þróun að úrsagnir nemenda á fyrsta ári, bæði úr áföngum og úr námi, voru hlutfallslega fáar. Gera má ráð fyrir að mikið utanumhald um nemendur á fyrsta ári skipti þarna sköpum, sem og skuldbinding nemenda við námið og fylgni þeirra við námsbraut.



Mynd: Úrsögnum nýnema hefur fækkað undanfarin ár enda brottfall í Flensborgarskólanum undir landsmeðaltali


Mætingar

Flensborgarskólanum er lögum samkvæmt skylt að fylgjast með ástundun nemenda sinna. Á skólaárinu 2023-2024 var heildarfjöldi nemenda 657. Meðalskólasókn var **89%** (89,5% á H2023, 86,3% á V2024, sjá mynd) og var meðalmætingareinkunn nemenda 7,06 á vorönn og 7,43 á haustönn (7,24 að meðaltali).



Mynd: Meðalskólasókn allra nemenda við skólann. Skólasókn er iðulega meiri að hausti en vori.

Um 11% nemenda, eða 76 nemendur, voru undir mætingarviðmiðum á haustönn 2023 en á vorönn 2024 voru það um 10%, eða 70 nemendur. Mætingarviðmið eru 83%. Af þessum hópi voru um sjá 4% nýnemar en almennt eru mætingar hjá nýnemum nokkuð góðar,



Mynd: Hér má sjá mynd af útkomu nýnema fyrstu önnina sína í skólanum. Þarna má sjá meðaleinkunnir, fall og mætingu.

Á haustönn 2023 var 51 nemandi á skilmálum innan skólans. Fyrir vorönn 2024 fjölgaði þeim og voru um 68.

Áfram teljum við að það utanumhald sem skólinn veitir nemendum sínum, til dæmis í umsjónarkerfi Hámarks og bekkjarkerfi á fyrsta ári styðji vel við skuldbindingu í námi sem og nemendapjónustan. Við þetta má bæta að mætingarteymi skólans hefur margs konar hlutverki að gegna þegar kemur að því að aðstoða nemendur sem mæta ekki vel. Það hittist hálfmánaðarlega og tekur stöðuna, nemendur eru í framhaldi kallaðir í viðtöl og gerð er tilraun til að finna úrlausn mála í samstarfi við nemendapjónustu og Hámarkskenndara.

Skýrslur deilda

Kennslusvið

Í skýrslum greina/deilda vorið 2024 bar ýmislegt á góma. Starf innan deilda er öflugt þar sem lögð er áhersla á faglegar áherslur og umræðu sem snýr að hverju fagi fyrir sig auk vinna við uppfærslur á námsskrá skólans einkenndi þetta skólaárið. Stór hluti starfsársins fór í þessa vinnu; að spegla

áfangaframboð og skipulag brauta og uppfæra þar sem þörf var á. Í skýrslum kom fram að námsmat væri í sífelltri endurskoðun en í mörgum deildum þykir hafa tekist vel til með breytingar til þess fallnar að nemendur skuldbindi sig betur náminu. Einhverjar áhyggjur eru enn uppi um slakari mætingu nemenda og almennt metnaðarleysi sem vinna þurfi með næstu misseri og er m.a. verið að vinna með breytingar á námsmati innan greina, sbr. hvort leggja eigi fyrir lokapróf eða símat. Þá hafa kennarar einnig áhyggjur af notkun gervigreindar í náminu en unnið var með stefnu skólans um heilindi í námi á árinu og geta kennarar stuðst við hana. Stuðningsúrræði innanhúss hafa nýst ágætlega en sífellt er leitað leiða til að fá nemendur til að nýta úrræðin enn betur og næsta haust stendur til að bæta enn frekar í og jafnvel auka við fjölbreytileika stuðnings með aðkomu nemenda. Þá er kallað eftir meira samráði nemendapjónustunnar og kennara þegar kemur að úrsögnum úr áföngum og verður leitast við að vinna að úrbótum hvað þennan þátt varðar. Fram kemur að vel hafi verið staðið að ýmsum málum í starfsumhverfi kennara og var helst nefndur stuðningur við nýja kennara. Þá er tilhlökkun yfir því að fá gagnvirka skjái í nokkrar stofur og tiltekt í TEAMS möppum þar sem aðgengi að hinum ýmsu gögnum var bætt. Almennt kemur fram að samstarf innan deilda/greina sé gott og að starfsandi sé á uppleið sem er afar mikilvægt.

Þjónustusvið

Í skýrslum frá þjónustusviði varðandi skólaárið kom ýmislegt fram. Skrifstofan hefur hafið vinnu við að skrá verkferla sem hefur gengið vel og hefur starfsfólk gott yfirlit helstu verkefnin hverju sinni. Þá er mötuneytið einnig komið af stað í að skrá niður verkferla og ábyrgð og gott skipulag virðist vera á starfi bókasafns. Hugmyndir komu fram um það sem betur má fara, sbr. betri nýting á húsnæði, bættu upplýsingagjöf, auknum tækifærum til samstarfs og hagræðingar í starfi. Kannanir fyrir bæði mötuneyti og bókasafn voru settar af stað hjá nemendum og starfsfólki sem skilaði hugmyndum sem strax voru teknar til úrvinnslu og til úrbóta.

Stoðþjónusta

Náms- og starfsráðgjafar

Að venju fer mikið fyrir einstaklingsviðtölum við nemendur í starfi náms- og starfsráðgjafa. Nemendur leita eftir ráðgjöf, bæði vegna náms og skipulags í kringum það en einnig vegna vandamála tengd kvíða, þunglyndi og persónulegum málum. Mikið samstarf á sér einnig stað innanhúss, bæði við kennara og stjórnendur, vegna ýmissa mála sem falla til í stuðningi við

nemendur. Mikið fór fyrir umræðu og vinnu í tengslum við farsældarlög og leiddi annar námsráðgjafi skólans þróunarvinnu vegna þeirra.

Náms- og starfsráðgjafar gerðu átak í sýnileika gagnvart nýnemum sem tókst vel. Bæði fóru þær í nýnemaferð og í kynningarátak í nýnemabekkjum sem jók vel sýnileika og vakti athygli nemenda á þjónustu innan skólans. Hugmyndin er að bæta einnig við þjónustu hvað varðar eldri nemendur, þ.e. þá sem koma nýir í skólann á seinni önnum í námi.

Nemenda- og kennsluráðgjafi

Eins og áður eru nemendur með greiningargögn og aðstoð við þá vegna námsörðugleika fyrirferðarmikill hluti starfsins. Margir nemendur þurfa stíft utanumhald sem kallar á regluleg viðtöl við þá sem og kennara og foreldra. Aðrir þurfa eftirfylgni úr hæfilegri fjarlægð. Fyrirkomulag um skráningar í sérúrræði á prófatímabili gekk vel og alltaf var hægt að verða við óskum nemenda. Vinna í mætingarteymi gekk vel og vikulegir fundir með stjórnendum voru bæði mikilvægir og gagnlegir til að koma upplýsingum á milli aðila og samræma ýmis mál. Einnig skiptir gott samstarf við námsráðgjafa skólans miklu máli og mikilvægt er að setja nýja kennara inn í úrræðið.

Starfsbraut

Skýrslu um starfið á starfsbraut var ekki skilað að þessu sinni.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl eru ávallt gagnleg en rætt hefur verið við starfsmannahópinn að meðaltali einu sinni á þriggja anna fresti en kennarar koma í samtali í kjölfar kennslumats með sama millibili og aðrir starfsmenn.

Starfsmannasamtölin voru afar góð og ljóst er að andinn á vinnustaðnum er bæði jákvæður og uppbyggilegur. Það er ánægjulegt að starfsfólk eigi góða vini á vinnustaðnum en það má greina sterkt í samtölunum. Áfram er ánægja með starfsþróunarverkefni og möguleika sem bjóðast í þeim en síðustu annir hefur töluvert hefur verið sóst í svigrúm vegna núvitundarnámskeiða sem hafa hlotið góðan hljómgrunn. Margir nefndu góðan sveigjanleika sem mikilvægan þátt í sinni vellíðan á vinnustaðnum enda margir sem stunda nám samhliða vinnu við skólann og telja því mikilvægt að hafa svigrúm innan vinnudagsins. Flestir töluðu um gott samstarf innan deilda/greina og upplifðu góð samskipti og mikinn stuðning þar.

Upp komu í starfsmannasamtölum fyrirspurnir um starfslok og þess háttar mál. Búið er að bregðast við þeim fyrirspurnum.



Heilsueflandi framhaldsskóli

Verkefnið um heilsueflandi framhaldsskóla var áfram fyrirferðarmikið í starfi skólans. Að venju var starfsmönnum skólans boðið upp á ýmsa heilsueflandi möguleika. Fastir liðir eru t.a.m. sundkort í sundlaugum Hafnarfjarðar sem starfsmenn fá afslátt af og þeir nýta sem það vilja. Skólinn býður starfsfólki sínu upp á frí afnot af rafmagnshjólum og hefur það mælst vel fyrir. Einnig eru hleðslustöðvar á bílplani skólans og starfsfólk hefur þann möguleika að skrifa undir samgöngusamning til að styðja við sjálfbærar samgöngur til og frá vinnu (alls 32 nýttu sér samgöngusamning að meðaltali). Áfram var unnið með það fyrirkomulag HEF-verkefnisins með því að bjóða starfsfólki upp á heilsustyrk. Alls nýttu samtals 43 starfsmenn heilsustyrkinn á skólaárinu 2023-2024. Verður því sjónum beint enn frekar að nemendum og heilsueflandi lífsstíl þeirra, svo sem geðheilbrigði, forvarnir og kynheilbrigði og er það gert í gegnum leiðtogaþjálfun nemenda og á samráðsvettvangi líkt og á fundum skólaráðs og á *Spurt og svarað* fundum, opnum fundi skólastjórnenda og NFF með nemendum skólans.


Hlýtt á starfsfólk skóla

Ferðavenjukönnun

Eitt af áhersluatriðum þess að innleiða þriðja skrefið í Grænum skrefum í ríkisrekstri er að stofnunin leggi ferðavenjukönnun fyrir starfsfólk sitt árlega. Könnunin er meðal aðgerða í loftslagsstefnu vinnustaðarins og markmið hennar er að fá yfirlit yfir hvernig starfsfólk kemur sér í og úr vinnu, hversu langt sé milli heimilis og vinnu þeirra, hvort ánægja sé með samgöngusamninginn sem skólinn býður upp á og hvort starfsfólk nýti sér rafmagnshjól sem skólinn býður afnot af.

42 starfsmenn skólans svöruðu könnuninni að þessu sinni, eða um 40% starfsmanna, og var hún lögð fyrir að vori.


Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að stærsti hluti starfsmannahópsins, eða um 66%, fari milli heimilis og skóla akandi en þar af eru um 36% sem fara á milli á vistvænum bíl. Hópurinn sem kemur gangandi er rúmlega 20% starfsmanna og tæp 10% kemur á reiðhjól.



Mynd: Flestir starfsmenn á bíl í skólann en athygli vekur að vistvænum bílum hefur fjölgað hjá starfsfólki

Um 60% svarenda gerðu samgöngusamning við skólann. Um 65% svarenda eru ánægðir með samninginn sem boðið er upp á en 15% starfsmanna eru ósáttir eða mjög ósáttir við hann. 23% starfsmanna svara hvorki né þegar þeir eru spurðir um ánægju með samninginn, þriðjungur

starfsmanna sagði hvorki né. 40% svarenda telja samgöngusamning hafa haft góð áhrif á heilsu og vellíðan. Þá hafa rétt um 20% svarenda nýtt sér rafmagnshjól skólans til afnota.




Mynd: Flestir starfsmenn búa í nágrenni við skóla og einungis um 27% fara lengra en 7 km leið

Það eru 7 km eða lengra á vinnustaðinn fyrir um 27% starfsmanna en um 30% starfsmanna búa í innan við 3 km fjarlægð frá skólanum. Starfsmenn skólans sem nýta sér rafmagnshjólin sem öllum bjóðast afnot af eru um 32%.

Þjónustukönnun mötuneytis

Vorið 2024 var lagt fyrir verkefni meðal starfsfólks og nemenda varðandi mötuneytið í Hamarssal í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Í ljós kom að tæp 38% starfsfólks verslar sjaldnar en einu sinni í viku í mötuneyti skólans. Tæp 25% starfsfólks verslar tvisvar til þrisvar í viku, og um 16% versla daglega í mötuneyti skólans. Vikulega versla 11,11% starfsfólks í mötuneyti skólans og 11,11% þátttakenda versla aldrei í mötuneyti skólans. 13,33% starfsfólks kaupir heitan mat í mötuneytinu að jafnaði fjórum til fimm sinnum í viku. 15,56% starfsfólks kaupir heitan mat einu sinni í viku, og 15,56% starfsfólks kaupir heitan mat tvisvar til fjórum sinnum í viku. 28,89% starfsfólks kaupir heitan mat í mötuneyti skólans sjaldnar en einu sinni í viku, og 20% starfsfólks kaupir aldrei heitan mat í mötuneyti skólans í Hamarssal.



Mynd: Sjá má að nær helmingur kaupir sjaldan eða aldrei heitan mat í mötuneyti skólans

46,51% starfsfólks er mjög ánægt eða ánægt með vöruúrval almennt í mötuneytinu. Tæplega helmingur svarenda, eða um 47% þátttakenda er mjög ánægður eða ánægður með heita matinn, og 25% þátttakenda er mjög ánægður eða ánægður með salatboxin. Um 43% svarenda svaraði þessari spurningu með hvorki né. 73,38% starfsfólks er ánægður með þjónustu mötuneytisins. 95,56% starfsfólks telur hádegishléið nógu langt. 53,34% starfsfólks finnst hugað vel að hollustu í mötuneyti skólans, en 28,89% starfsfólks svaraði þessari spurningu hvorki né. Af starfsfólki skólans tóku 60% þeirra þátt í verkefninu.

Námskrárvinna

Á skólaárinu 2023 – 2024 var haldið áfram með formleg vinnu við skoða námskrá skólans, svo sem brautir, áfangaframboð, námsmat og fleira. Það að ræða námskrá er eilífðarverkefni í skólasterfi enda samfélagspróun oft hröð og breytingar í skólakerfi aðkallandi. Það ferli sem fór af stað á vorönn 2023 á sér langan aðdraganda. Mikil vinna var lögð í að ræða og koma með hugmyndir fyrir námsskrána í tengslum við stefnumótunarferlið á árunum 2017 – 2020. Námsskráin hefur einnig verið rædd á kennarafundum, fagfundum, á einstaklingsfundum með fagstjórum haustið 2021 en á vorinu 2023 var breytt um nálgun og settur upp námskrárhópur sem vann að hugmyndum fyrir þeim helstu breytingum sum talið var nauðsynlegt að fara í í nánustu framtíð.

Fjallað var áfram um hugmyndir námskrárhópsins á fagfundum og kennarafundum en einnig voru hugmyndirnar teknar fyrir á fundi stjórnenda. Ýmislegt var gert á þessum tíma; fækkað einingum í Hámarki, bætt við einingar í dönsku í bundnu vali á öllum brautum, stofnað tæknisvið fyrir allar

brautir og nýir áfangar búnir til í gegnum skólaþróunarverkefni. Áfram verður rætt um breytingar á námskrá skólans skólaárið 2024-2025 en þá verða m.a. skoðaðir kjarnar allra brauta, áfangaframboð á þriðja þrepi, stærfræðigrunn á viðskipta- og hagfræðibraut og fleira.

Ytra mat

Stofnun ársins

Stofnun ársins er könnun á vegum Fjármála- og efnahagsráðuneytisins í samstarfi við Sameyki. Könnunin var lögð fyrir í nóvember 2023. Svarhlutfall hjá starfsfólki Flensborgarskólans var 55% og var töluverð bæting á milli ára. Þá höfðu vikmörk einnig lækkað mikið sem gáfu vísbendingar um að meiri samstaða ríkti innan starfsmannahópsins um skólastarfið. Heildarmat Flensborgarskólans hækkaði um 0,32 á milli ára og mældist að þessu í einkunninni 4,05. Heildarmat sambærilegra stofnana mældist 4,24 og hækkar lítillega á milli ára (+0,04). Heildarmat allra stofnana var 4,10 (+0,03). Allir þættir hækkuðu á milli ára, þátturinn *Ímynd stofnunarinnar* langmest(+0,52). Þá hækkuðu einnig þættirnir *Stjórnun*(+0,40), *Sveigjanleiki vinnu* (+0,46) og *Starfsandi*(+0,49) mikið. Aðrir þættir hækkuðu einnig: *Launakjör* (+0,22), *Vinnuskilyrði* (+0,10), *Sjálfstæði í starfi* (0,03), *Ánægja og stolt* (+0,38) og *Jafnrétti* (0,22)

Stöðugt er unnið að því að bæta starfsumhverfi í Flensborgarskóla og má segja að skólaárið hafi á margan hátt einkennst af þeirri viðleitni allra starfsmanna að bæta árangurinn stofnunarinnar og auka ánægju um leið. Meðal annars var unnið að samskiptasáttmála á vorönninni og ýmsar vörður markaðar í skólastarfinu í tengslum við námskrá, jafnréttismál, farsæld og fleira.

Jafnlaunavottun

Flensborgarskólinn hefur á ný fengið jafnlaunavottun staðfesta í sjötta sinn eftir að gerð var úttekt á launakjörum starfsmanna. Vottunarfyrirtækið BSI á Íslandi sá um úttektina en hún felur í sér faglega úttekt á launum starfsfólks, starfaflokkun og öðrum þáttum sem hafa áhrif á launakjör kynjanna. Greiningin sýnir laun 69 starfsmanna og er kynjaskiptingin 23% karlar, 77% konur. Meginniðurstöður aðhvarfsgreiningar sýna að mikill stöðugleiki ríkir í grunnlaunum á milli ára en að þessu sinni eru konur með að meðaltali 2,5% hærri grunnlaun en karlar. Konur eru einnig hærri en karlar í heildarlaunum, eða 2% hærri, og er það m.a. vegna vinnumats kennara sem þessar sveiflur á milli ára eiga sér stað. Niðurstöður þessar staðfesta að Flensborgarskólinn uppfyllir áfram þær kröfur sem lagðar eru



fram samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 og sýna fram á að jafnlaunakerfið sé hannað til að ná markmiðum og stefnu skólans í jafnlaunamálum, enda hefur það nú verið sannreynt í sjötta sinn. Þegar horft er til starfsmanna í nefndum á vegum stofnunarinnar skólaárið 2023 - 2024 má sjá að konur eru í meirihluta en þátttaka karla er engu að síður góð og í takt við kynjahlutföll starfsfólks.

Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Það er ljóst að ákvarðanir um laun starfsfólks Flensborgarskólans fela ekki í sér kynbundna mismunun.

Græn skref

Fullgildingu fimm grænna skrefa Flensborgarskólans lauk í árslok 2021. Verkefnið vannst jafnt og þétt yfir árið 2021 og var það bæði á borði stjórnendateymis skólans og í höndum stýrihóps að viðhalda. Allir þættir Grænna skrefa eru komnir til fullra framkvæmda og eftirlit með skilvirkni þess er gott. Sífelld er leitað að nýjum leiðum til að virkja nemendur og starfsfólk enn frekar og þá sérstaklega þegar kemur að sorpi, endurnýtingarhlutfalli og matarsóun. Teymi Grænna skrefa í Flensborg skipa skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármálastjóri, skrifstofustjóri, umsjónarmaður fasteigna, matráður, forstöðumaður bókasafns, forstöðumaður starfsbrautar og tveir kennarar við skólann.

Niðurstöður

Helstu niðurstöður sjálfsmats skólaárið 2023-2024 eru þessar:

Á heildina litið kemur Flensborgarskólinn afar vel út úr innra mati þetta árið, líkt og undanfarin ár og þess má geta að öll markmið kennslumats mældust á styrkleikabili. Nemendur gefa til kynna að þeim líði vel hér og séu ánægðir með þjónustuna sem þeir fá, hvort sem það er kennsla, samskipti, bekkjarkerfið, nemendapjónustan eða annað. Eins og alltaf eru tækifæri til úrbóta mörg og áfram er haldið í því að virkja nemendur enn frekar og gera þá ábyrga fyrir eigin námi. Vísbendingar eru um skort á skuldbindingu til náms hjá eldri nemendum og um leið hefur verið reynt að styðja við námsmenningu innan skólans. Bekkjarkerfi virðist halda vel um nemendur enda nýnemahópurinn sá hópur sem mætir hvað best og miðað við niðurstöður kannanna meðal þeirra má sjá marga jákvæða þætti sem gefa góðar vonir um framhaldið. Á heildina litið virðast nemendur ánægðir með fjölbreytni í kennslu og fjölbreytileika í verkefnaskilum. Reynt hefur verið

að viðhalda tækniþekkingu kennara frá því á tímum heimsfaraldurs og hvetja þá til þess að styrkja sig á þeim sviðum kennslunnar.

Hvað varðar félagslíf nemenda þá eru niðurstöður þannig að áfram eru allir þættir félagslífs mælast á aðgerðarbili. Nemendafélagið er vel meðvitað um niðurstöðurnar en bætt var í stuðning til þeirra fyrir skólaárið 2024 – 2025 með það að markmiði að styðja betur við og efla nemendur enn frekar.

Námsárangur lækkaði lítið eitt á milli ára eða um 0,1 og fór meðaleinkunn allra nemenda úr 6,9 í 6,8. Margt gekk vel, mæting nýnema var góð eins og áður sagði og námsárangur þeirra var með betra móti. Þá var brottfall nemenda úr námi enn í lágmarki og brottfall nýnema við skólann sambærilegt landsmeðaltali, eða undir 5%. Námsúrræði voru áfram til staðar innan skólans sem hefur bæði ritver og raungreinaver þar sem nemendur geta fengið aðstoð við námið almennt, verkefnaskil og fleira. Þjónustan var bætt enn frekar á skólaárinu þegar nemendur tóku að sér jafningjakennslu í stærðfræði einu sinni í viku. Ásókn í jafningjaver jókst eftir því sem leið á skólaárið og ljóst að nemendur kunna að meta fjölbreyttan stuðning sem býðst í námi.

Aftur sýna niðurstöður úr ferðavenjukönnun starfsmanna að hvetja má starfsfólk enn frekar að tileinka sér vistvænan samgöngumáta. Það styður við góð lífsgæði starfsfólks í takt við verkefnið um heilsueflandi framhaldsskóla, og gefur því tækifæri til að taka á virkan þátt í vitundarvakningu skólans og efla heilsuna. Ferðavenjukönnun staðfestir að stærsti hluti starfsfólks fer stutta vegalengd til vinnu og því ætti að vera enn auðveldara fyrir hópinn að ganga eða hjóla á milli heimilis og skóla. Hér er góð aðstaða fyrir hjólareiðafólk og hjól í eigu skólans sem starfsfólk getur fengið að láni. Hleðslustöðvar við skólann hafa verið tengdar á ný sem er afar jákvætt fyrir eigendur rafmagnsbíla en það vekur einnig athygli að rafbílavæðing hefur aukist meðal starfsfólks.

Skólinn fékk jafnlaunavottun endurnýjaða eftir úttekt á launakjörum starfsmanna. Greiningin sýnir laun 69 starfsmanna og er kynjaskiptingin 23% karlar, 77% konur. Meginniðurstöður aðhvarfsgreiningar sýna að mikill stöðugleiki ríkir í grunnlaunum á milli ára en að þessu sinni eru konur með að meðaltali 2,5% hærri grunnlaun en karlar. Konur eru einnig hærri en karlar í heildarlaunum, eða 2% hærri, og er það m.a. vegna vinnumats kennara sem þessar sveiflur á milli ára eiga sér stað. Niðurstöður þessar staðfesta að Flensborgarskólinn uppfyllir áfram þær kröfur sem lagðar eru fram samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 og sýna fram á að jafnlaunakerfið sé hannað til að ná markmiðum og stefnu skólans í jafnlaunamálum, enda hefur það nú verið sannreynt í sjötta sinn.

Hvað varðar umbótaáætlun þá gekk að vinna eftir áætlun síðasta árs og allir liðir hennar eru komnir til framkvæmda en þó svo sé eru þó margir liðir umbótaáætlunar svokölluð eilífðarverkefni sem verður aldrei lokið. Þar má nefna sem dæmi vellíðan nemenda, fjölbreytni í

námi og kennslu og styrkingu starfsanda. Enn eru sóknarfæri Flensborgarskólans mörg. Þau eru lögð fram í umbótaáætlun skólans sem verður kynnt og komið á framfæri til starfsmannahópsins og felast fyrst og fremst í því að halda áfram með öfluga skólaþróun, styðja við sterka námsmenningu skólans, styrkja ímynd hans og koma fjölbreyttum námsleiðum á framfæri. Hún er samræmd við aðrar áætlanir og úttektir á skólastarfinu. Í því felast næstu verkefni sjálfsmatsnefndar; að halda áfram markvissu mati á innra starfi skólans og fylgja umbótum vel eftir.

Erla Sigríður Ragnarsdóttir, skólameistari og Júlía Jørgensen, aðstoðarskólameistari

Viðauki - matstafla

Eftirfarandi tafla sýnir matsþætti skólans skólaársins 2023-2024.

Matsþáttur/ Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Kennslumat Viðhorf nemenda til kennslu og náms kannað.	Nemendur eru virkir og sýna skólastarfi áhuga Fjölbreyttir kennsluhættir Jákvæð viðhorf einkenna skólastarfið	Spurningalistinn hefur svarmöguleika á bilinu 1,00-5,00 (5 mjög sammála) þar sem styrkleikabil er 4,20-5,00, starfshæft bil 3,70-4,19 og aðgerðabil 1-3,69. Mælikvarði: Meðaltal svara um viðhorf nemenda til eigin árangurs Mælikvarði: Meðaltal svara um kennsluhætti. Mælikvarði: Meðaltal svara um viðmót og viðhorf kennara og líðan í kennslustofu. Viðmiðið er að svör mælist á styrkleikabili, 4,20-5,00.	Kennslumat Tilviljanakennd röðun - Þeir nemendur svara sem heyra þar undir	Í síðustu viku annar – nóvember 2023 og apríl 2024	Skólastjórnendur
VIBS-hópur Viðhorf útskriftarnemenda til menntunar, aðstöðu til náms, félagslíf, veru þeirra í skólanum og framtíðaráform könnuð	Jákvæð sjálfsmynd og góð líðan nemenda Jákvæð viðhorf til menntunar Ánægja nemenda með aðstöðu skólans Öflugt félagslíf	Mælikvarði: Meðaltal svara um líðan nemenda í skólanum og sjálfsmynd. Mælikvarði: Meðaltal svara um viðhorf nemenda til menntunar. Mælikvarði: Meðaltal svara um ánægju nemenda með aðstöðu skólans. Mælikvarði: Meðaltal svara um ánægju nemenda og þátttöku í félagslífi skólans. Viðmiðið er að svör mælist á styrkleikabili, 4,20-5,00.	Viðhorfskönnun meðal útskriftarnema	Í lok hvernar annar - nóvember 2023 og apríl 2024	Aðstoðarskólameistari, sjálfsmatsnefnd
Nýnemar Viðhorf til menntunar, aðstaða til náms, félagslíf, líðan í	Jákvæð sjálfsmynd og góð líðan nemenda	Mælikvarði: Meðaltal svara um líðan nemenda í skólanum og sjálfsmynd. Mælikvarði: Meðaltal svara um viðhorf nemenda til menntunar.	Nemendur á 1. ári	Síðasta tíma í hámarki haust og vorönn	Aðstoðarskólameistari, sjálfsmatsnefnd

skólanum, bekkjarkerfi og skuldbinding í námi	Jákvæð viðhorf til menntunar Ánægja nemenda með aðstöðu skólans Öflugt félagslíf	Mælikvarði: Meðaltal svara um ánægju nemenda með aðstöðu skólans. Mælikvarði: Meðaltal svara um ánægju nemenda og þátttöku í félagslífi skólans. Viðmiðið er að svör mælist á styrkleikabili, 4,20-5,00.			
Hlýtt á nemendur					
Líðan í bekk	Nýnemar spurðir um bekkjarkerfi, anda í bekk, skólastarfið og námið	Spurningalistinn hefur svarmöguleika á bilinu 1,00-5,00 (5 mjög sammála) þar sem styrkleikabil er 4,20-5,00, starfshæft bil 3,70-4,19 og aðgerðabil 1-3,69.	Allir nýnemar	Lok anna	Skólameistari, aðstoðarskólameistari, sjálfsmatsnefnd
Mötuneyti	Ánægja nemenda með mötuneyti skólans	Meðaltal svara við öllum spurningum. Viðmiðið er að svör mælist á styrkleikabili 4,20-5,00	Allir nemendur skólans	Október '23	
Könnun á þjónustuþörf vegna kvíða/skólaforðunar	Kanna hvar þörf á aukinni þjónustu liggur	Opnir svarmöguleikar	Allir nemendur skólans	Byrjun október '23	
Þjónustukönnun um bókasafn	Kanna nýtingu á þjónustu bókasafns		Allir nemendur	Janúar '24	
Hlýtt á starfsfólk - viðhorf til skólastarfsins	Samgöngukönnun Starfsandi Samtal um námsskrárvinnu Þjónustukönnun á bókasafn	Spurningalisti, könnun Þjóðfundarform á skólafundi, rýnihópar skipaðir Þjóðfundarform á kennarafundi, unnið á fagfundum Kanna nýtingu á bókasafni og aðstöðu þar	Allt starfsfólk Allt starfsfólk Allir kennarar Allir kennarar	Vor 2024 Haust '23 Haust '23 Janúar '24	Skólameistari, aðstoðarskólameistari

Grunnskólanemendur Hvað finnst þér? Viðhorf til skólans kannað	Hvernig kemur Flensborgarskólinn fyrir? Er kynningin góð? Helstu áhugasvið (skólij/brautir) grunnskólanemenda	Mælikvarði: Meðaltal svara um áhugasvið grunnskólanemenda Mælikvarði: Meðaltal svara um viðhorf nemenda til kynningar á skólanum Mælikvarði: Meðaltal svara um viðhorf nemenda til Flensborgarskólans	Grunnskólanemendur	Vor 2024	Aðstoðarskólameistari, sjálfsmatsnefnd
Skýrslur deilda Nýjungar, samstarf, námsárangur og fleira	Góð samvinna og upplýsingamiðlun meðal starfsfólks Fjölbreyttir kennsluhættir Fagleg vinnubrögð allra starfsmanna	Mælikvarði: Meðaltal svara við samvinnu og upplýsingamiðlun innan deilda og milli deilda. Mælikvarði: Meðaltal svara um fjölbreytni innan deilda. Mælikvarði: Meðaltal svara um fagleg vinnubrögð innan deilda.	Í samráði við kennara og nemendabjónustu	Skilað í lok skólaárs	Skólameistari, aðstoðarskólameistari, fagstjórar
Stofnun ársins	Ánægjuvog á innra starf stofnunarinnar; starfsandi, launamál, stjórnendur, aðstaða.	Könnun gerð utanhúss og lögð fyrir allt starfsfólk.	Viðhorfskönnun á netinu.	Haust 2023	Skólastjórnendur
Foreldrar nýnema Viðhorf foreldra nýnema til skólans og veittrar þjónustu	Ánægðir foreldrar og gagnkvæm virðing milli heimila og skóla	Mælikvarði: Heildaránægja foreldra nýnema með skólann. Mælikvarði: Ánægja foreldra með þjónustu sem skólinn veitir. Viðmiðið er að svör mælist á styrkleikabili, 4,20-5,00.	Foreldrar nýnema	Vor 2024 – fyrir próflok	Skólastjórnendur